

**Ed. 399. Frumvarp til laga [179. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1967.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini, að upphæð allt að 125 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

**3. gr.**

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

**4. gr.**

Lánsfé því, sem aflast með sölu bréfa og spariskirteina samkv. 1. gr., svo og endurgreiðslum af áður útgefnum spariskirteinum, skal verja sem hér segir:

Til landshafna .....	30.0	m.kr.
Til vegagerðar .....	53.6	—
Til flugmála .....	23.2	—
Til skóla .....	4.0	—
Til sjúkrahúsa .....	2.0	—
Til endurbóta á aðstöðu fyrir farþega í flugstöðinni á Keflavíkurlflugvelli .....	9.8	—
Til gufuveitu vegna Kísiliðjunnar h/f .....	5.0	—
Til vegagerðar í Þingeyjarsýslu vegna Kísiliðjunnar h/f .....	29.5	—
Til raforkumála .....	28.0	—

**5. gr.**

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskirteini samkv. ákvæðum 2. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 12.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerðar á Vestfjörðum.

7. gr.

Til viðbótar lántökuheimildum í 4. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, sem hér segir:

Til kaupa á öryggistækjum vegna flugmála .....	3.8 m.kr.
Til raforkumála .....	17.4 —
Til landshafna .....	3.0 —

8. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ráðstafa af greiðsluafgangi ársins 1966:

27 m.kr. til vegagerðar.
13 m.kr. til bygginga við menntaskólana.
13 m.kr. til viðbyggingar Landsspítalans.

9. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa fasteignirnar nr. 12 við Vonarstræti fyrir allt að 7030 þús. kr. og Skjaldbreiðareignina við Kirkjustræti fyrir allt að 14 millj. króna, svo og að taka andvirði fasteignanna að láni.

10. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa hús að Laugarvatni til sameiginlegra afnota skólanna þar, fyrir allt að 1150 þús. kr., svo og að taka hluta kaupverðsins að láni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur nú um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Hefur hér verið um að ræða erlendar lántökur, lántökur hjá innlendu viðskiptabönkunum og nú síðustu þrjú árin sölu vísitölutryggðra ríkisskuldabréfa.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir er óskað nauðsynlegra lánsheimilda vegna áætlunar ríkisstjórnarinnar um framkvæmdir og lánsfjáröflun 1967. Yfirlit um þessa áætlun fylgja hér með prentuð í töfluformi.

Efnislega er frumvarpið sambærilegt við lög nr. 27/1966.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Greinin hefur að geyma heimild til útgáfu spariskírteina eða ríkisskuldabréfa, allt að 125 m.kr. Er það 25 m.kr. meira en s. l. ár.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar eru samhljóða 6. og 7. gr. laga nr. 27/1966 um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

Um 4. gr.

Greinin fjallar um skiptingu spariskírteinalána til hinna ýmsu þarfa. Fjárhæðir þessarar greinar þarf að skoða í samhengi við 6., 7. og 8. gr. Það athugist að nokkur hluti þess fjár, sem hér er skipt, eru greiðslur af eldri endurlánnum spariskírteinalána, þar eð þau spariskírteini koma ekki til innlausnar á árinu.

Um 5. gr.  
Greinin er samhljóða 9. gr. laga nr. 27/1966.

Um 6.—8. gr.  
Um skýringar á efni þessara greina vísast til framsögu fyrir frumvarpinu.

Um 9. gr.  
Í fjárlögum fyrir 1967 var heimilað að kaupa lóðir við Kirkjustræti, vestan Alþingishúss. Er hér farið fram á heimildir til frekari kaupa eigna á þessu svæði.

Um 10. gr.  
Hér er óskað heimildar til kaupa á húsi á Laugarvatni og lántöku í því sambandi. Húsið er að svo stöddu ætlað sem mótuneyti fyrir þann fjölda manna, sem nú vinna við byggingar á vegum ríkisins á staðnum. Síðar er húsið ætlað til annarra sameiginlegra þarfa skólanna á Laugarvatni.

### Fylgiskjal.

#### TAFLA I. Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1967. Heildaryfirlit.

##### Fjáröflun:

A. Fjárfestingarlánasjóðir:	í millj. kr.
Lánsfjáröflun úr Framkvæmdasjóði, frá bönkum og Atvinnuleysistryggingasjóði .....	212
B. Opinberar framkvæmdir:	
1. Spariskírteinalán .....	125
2. Endurgreiðsla spariskírteinalána .....	61
3. P. L. 480 lán .....	45
4. Endurgreitt af enska láninu .....	25
5. Af greiðsluafgangi 1966 .....	53
	<hr/>
	309
	<hr/>
	521

##### Ráðstöfun:

A. Fjárfestingarlánasjóðir .....	212
B. Opinberar framkvæmdir	
1. Raforkumál .....	45
2. Gufuveita í Reykjahlíð .....	5
3. Hafnir .....	58
4. Vegir .....	81
5. Kísilvegur .....	30
6. Flugmál .....	23
7. Keflavíkurflugvöllur .....	10
8. Skólar .....	17
9. Sjúkrahús .....	15
10. Búrfellsvirkjun .....	25
	<hr/>
	309
	<hr/>
	521

TAFLA II.

Opinberar framkvæmdir.

	Fram- kvæmdir m.kr.	Skulda- greiðslur m.kr.	Samt. m.kr.	Eigið fé og fjárveit. m.kr.	Pegar tryggt eða væntanl. lánafe m.kr.	Sértök fjáröflun m.kr.	Samt. m.kr.
1. Raforkumál .....	94.9	7.7	102.6	31.0 <sup>1)</sup>	26.2 <sup>2)</sup>	45.4	102.6
2. Gufuveita í Reykjahlíð	5.0	—	5.0	—	—	5.0	5.0
3. Hafnir .....	110.0	—	110.0	23.0 <sup>3)</sup>	29.0 <sup>4)</sup>	58.0	110.0
4. Vegir .....	75.1	58.6	133.7	48.1 <sup>5)</sup>	5.0 <sup>6)</sup>	80.6	133.7
5. Kísilvegur .....	29.5	—	29.5	—	—	29.5	29.5
6. Flugmál .....	36.1	11.6	47.7	17.1	7.4 <sup>7)</sup>	23.2	47.7
7. Keflavíkurflugvöllur ..	12.8	—	12.8	3.0 <sup>8)</sup>	—	9.8	12.8
8. Skólar .....	30.7	—	30.7	13.7	—	17.0	30.7
9. Sjúkrahús .....	56.2	2.0	58.2	43.2	—	15.0	58.2
10. Búrfellsvirkjun <sup>9)</sup> .....	25.0	—	25.0	—	—	25.0	25.0
	475.3	79.9	555.2	179.1	67.6	308.5	555.2

TAFLA III.

Sérstök fjáröflun til opinberra framkvæmda.

	Spariskírteina- lán og endurgr. spariskírteini	P. L. 480	Endurgr. af enska láninu	Greiðslu- afg. 1966	Samtals
Raforkumál .....	28	17	—	—	45
Gufuveita í Reykjahlíð .....	5	—	—	—	5
Hafnir .....	30	28	—	—	58
Vegir .....	54	—	—	27	81
Kísilvegur .....	30	—	—	—	30
Flugmál .....	23	—	—	—	23
Keflavíkurflugvöllur .....	10	—	—	—	10
Skólar .....	4	—	—	13	17
Sjúkrahús .....	2	—	—	13	15
Búrfellsvirkjun .....	—	—	25	—	25
Samtals	186	45	25	53	309

- 1) Fjárveitingar 22.1 m.kr. og heimtaugagjöld 8.9 m.kr.
- 2) Tollalán 12.0 m.kr., greiðslufrestur í sambandi við erlend vörukaup 7.2 m.kr., lán úr héraði vegna sveitaveitna 7.0 m.kr.
- 3) Þar af 2.0 m.kr. eftirstöðvar frá fyrra ári.
- 4) Þar af 20 m.kr. úr Atvinnuleysistryggingasjóði og 9.0 m.kr. Vestfjarðalán.
- 5) Þar af framlög úr vegasjóði 30.3 m.kr., umferðargjald á Reykjanesbraut 14.0 m.kr. og yfirfærðar tekjur 3.8 m.kr.
- 6) Lán hjá verktökum.
- 7) Þar af 3.6 m.kr. Vestfjarðalán og 3.8 m.kr. erlent vörukaupalán vegna öryggistækja.
- 8) Þar af 0.5 m.kr. af viðhaldskostnaði, 0.5 m.kr. frá fyrirtækjum og 2.0 m.kr. af rekstrar-tekjum.
- 9) Hér er aðeins talið framlag það, sem aflað er innan fjáröflunaráætlunarinnar.